

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Sögusjóð stúdenta.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sögusjóður stúdenta.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður af Félagi íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn árið 1930 af peningum er Jón Krabbe gaf félaginu. Félag íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn hefur nú afhent Háskóla Íslands sjóðinn, 79.000 Dkr. til varðveislu og skal sjóðurinn alltaf vera í vörslu skólans.

3. gr.

Fé og tekjur sjóðsins eru:

1. Framangreind upphæð, samkvæmt 2. grein.
2. Árlegt framlag Félags íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn í samræmi við lög félagsins.
3. Frjáls framlög, gjafir og áheit er kunna að berast sjóðnum.
4. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á sögu Íslendinga við erlenda háskóla, í Kaupmannahöfn og annarsstaðar, frá því er utanfarir Íslendinga til háskólanáms hefjast, svo að sögur fari af. Skal stjórn sjóðsins auglýsa opinberlega eftir umsóknum til sjóðsins um styrki, að jafnaði árlega og þannig að úthlutunardagur hverju sinni geti orðið 1. desember. Styrkveiting skal jafnan miðast við verðugleika þess verkefnis er sótt er um styrk til og hæfni umsækjanda til þess að leysa það vel af hendi. Styrkþegi skal skila skriflegri greinargerð um úrlausn verkefnisins til stjórnar sjóðsins eigi síðar en tveimur árum eftir að honum var veittur styrkur.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir útnefndir af eftirgreindum aðilum, einn af hverjum, til þriggja ára í senn. Þó skulu þeir menn sem fyrstir eru útnefndir í stjórn sjóðsins samkvæmt þessari skipulagsskrá útnefndir til sex ára.

- a) Stjórn Félags íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn, enda sé fulltrúinn á Íslandi.
- b) Stjórn Sagnfræðistofnunar heimspekideildar Háskóla Íslands.
- c) Háskólaráði Háskóla Íslands.

Stjórnin kys sér formann.

Stjórn sjóðsins skal árlega upplýsa Félag íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn um stöðu sjóðsins. Leggist Félag íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn niður fellur útnefning þess á stjórnarmanni í Sögusjóði niður og skulu þá prófessorar við sagnfræðiskor heimspekideildar Háskóla Íslands tilnefna fulltrúa í stað félagsins.

6. gr.

Gerðabók stjórnar sjóðsins og önnur skjöl hans skulu varðveitt í skjalasafni Háskóla Íslands.

7. gr.

Stjórnin skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan hátt þannig að sjóðurinn nái að þjóna tilgangi sínum sem best. Aldrei má veita einstaklingi lán úr sjóðnum.

8. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er eign hans samkvæmt 2. grein og leggjast við hann þau framlög, gjafir og áheiti er nefnd eru í 3. grein. Fyrstu þrjú árin eftir gildistöku þessarar skipulagsskrár, skulu allir vextir af höfuðstólnum leggjast við hann. Eftir það má veita árlega allt að öllum vaxtatekjum sjóðsins í styrki að frádregnum uppreiknuðum verðbótum. Það sem umfram er skal leggjast við höfuðstólinn. Aldrei má skerða höfuðstólinn.

9. gr.

Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur sjóða Háskóla Íslands kjörnir af háskólaráði.

10. gr.

Stjórn sjóðsins getur með samhljóða samþykkt ákveðið að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja sjóðinn niður og skal leita staðfestingar aðalfundar Félags íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn og dómsmálaráðherra á ákvörðun stjórnarinnar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari í samræmi við gildandi íslensk lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. janúar 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.